



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 77. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands þriðjudaginn 28. október 2008 kl. 15:00, í húsakynnum Mannvits.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Þá sat fundinn Eldur Ólafsson, starfsmaður GGE. Forföll boðuð: Jónas M. Matthíasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt, með breytingum við einn lið.

2. Haustþing JHFÍ 9. desember.

Ekki ljóst hvort umhverfisráðherra getur ávarpað þingið, ÁM kannar. Aðrir fyrirlesarar staðfestir, fyrir utan Grim Björnsson. ÖGF kannar með hann og flytur sjálfur yfirlitserindi um helstu rannsóknir sem hér fari nú fram á sviði jarðhitanytingar. RK búin að panta Víðgelmi.

3. Vefur JHFÍ.

Sagt frá fundi AA og GAS vikunni áður, þar sem lagt var upp með að veftréð yrði í raun mjög einfalt. Vefur JHFÍ yrði eins konar nafnspjald félagsins annars vegar (stjórn, stofnfundargjörð, samþykktir og fundargerðir aðalfunda) og hins vegar vettvangur þar sem nálgast megi þau gögn sem félagið hefur gefið út. Þessar áherslur voru samþykktar. Við hæfi þótti að netföng stjórnarmanna kæmu fram á síðunni.

4. WGC 2015.

Kynnt voru drög að bréfi þar sem JHFÍ lýsir áhuga á að leggja fram tilboð um að halda þingið, en bréf þess efnis þarf að berast IGA fyrir 1. nóvember. Ákveðið að gera tiltekna breytingar á drögunum, ÁM klárar bréfið og kemur á GAS sem kemur bréfinu til skrifstofu IGA.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur fimmtudaginn 27. nóvember kl. 9:00, í húsakynnum ÍSOR, þar sem trúlega verða sömu mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 15:45.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
